

Erindisbréf fyrir byggingarnefnd hreinsistöðvar

Skipan:

Hópurinn skipa Tómas Ellert Tómasson bæjarfulltrúi, Gunnar Egilsson, bæjarfulltrúi, Atli Marel Vokes, sviðstjóri mannvirkja og umhverfissviðs, Sigurður Ólafsson deildarstjóri framkvæmda- og tæknideildar og Gísli Tryggvason verkefnastjóri á mannvirkja- og umhverfssviði.

Tómas Ellert Tómasson, bæjarfulltrúi og formaður eigna- og veitunefndar er formaður hópsins.

Verkefni:

Markmið með stofnun hópsins er að fylgja eftir áætlunum sveitarfélagsins um að uppfylla lög og reglugerðir varðandi hreinsun skólps á Selfossi.

Hópurinn sér til þess að unnin sé forsögn, frumhönnun sem byggir á forsögn, forhönnun og útboð á fullnaðarhönnun væntanlegrar hreinsistöðvar.

Starfshópurinn hefur í samræmi við fjárheimildir verkefnisins heimild til að kalla að sérfræðinga til aðstoðar

Fundargerðir hópsins skulu lagðar fyrir eigna- og veitunefnd til kynningar og eftir atvikum til samþykktar.

Tími:

Hópurinn skal skilar af sér frumhönnunarskýrslu til bæjarstjórnar 10.06.2021

Þóknun:

Nefndarmönnum skal greidd þóknun í samræmi við 43. gr. samþykkt um stjórn og fundarsköp bæjarstjórnar nr. 665/2019

Samþykkt í bæjarráði 25. febrúar 2021



Sveitarfélagið
ÁRBORG
